



Verkalýðsfélag Akraness
Sunnubraut 13
300 Akranes

Bt: Vilhjálmur Birgisson

Efni: svar við bréfi dags. 1.september 2009

Ágæti Vilhjálmur

Það er rétt sem fram kemur í áskorunarbréfinu að afkoma N1 á fyrri hluta ársins var viðunandi. Það er hins vegar mikil óvissa um framhaldið. Á síðasta starfsári N1 varð tap af rekstrinum uppá 1.200 milljónir króna.

Skuldir fyrirtækisins hafa hækkað mikið á s.l. einu og hálfu ári eins og hjá öllum fyrirtækjum og heimilum landsins. Fyrirsjáanlegt er að á næstunni verður það hörð barátta að greiða þær niður þannig að þær komist aftur í fyrra horf.

Það tímabil sem framundan er mun ráða úrslitum um það hvernig tekst til við að tryggja störf í okkar samfélagi næstu misserin. N1 hefur ekki lækkað laun hjá almennum starfsmönnum og öfugt við marga þá höfum við fjölgað starfsfólki um 60 manns á þessu ári. Við tökum ábyrgð okkar á afkomu starfsmanna mjög alvarlega, við teljum líka mjög alvarlegt við hvaða stöðu fyrirtæki landsins hafa þurft að búa síðustu misseri.

Við teljum mikilvægast við þessar aðstæður að verja störfin.

Við munum bæta við laun okkar starfsfólks í samræmi við samkomulag sem gert var þ. 25.júní sl. á milli ASÍ og SA.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Stjórnar N1.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hermann Guðmundsson'.

Hermann Guðmundsson

Forstjóri

Kópavogi 7.september 2009